**Pétur Gunnarsson**
**News Reports**

https://www.dancesportinfo.net/Couple/Petur_Fannar_Gunnarsson_and_Polina_Oddr_303400/Results

https://www.mbl.is/folk/frettir/2016/12/05/petur_og_polina_heimsmeistarar_i_latindonsum/?sign=10

https://www.mbl.is/sport/reykjavikurleikar/2017/01/30/petur_og_polina_sigrudu_i_dansi/

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2019/03/09/astin_kviknadi_a_dansgolfinu_2/




Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026



Í LAUSASÖLU 295 | ÁSKRIFT 3390 | HELGARÁSKRIFT 2070 | PDF Á MBL.IS 1950

5691100

Ritstjórn: ritstjorn@mbl.is
Auglýsingar: augl@mbl.is
Áskrift: askrift@mbl.is | sími 5691100
mbl.is: netfrett@mbl.is

**Morgunblaðið**

FIMMTUDAGUR 15. OKTÓBER 288. DAGUR ÁRSINS 2009

SPARIÐ MEIRA EN HELMING MEÐ ÁSKRIFT

Morgunblaðið bíður eftir þér þegar þú vaknar á morgnana

# „Gekk einstaklega vel“

## Dansparið Pétur Fannar Gunnarsson og Aníta Lóa Hauksdóttir vann glæstan sigur í suðuramerískum dönsum á alþjóðlegu móti sem haldið var í Lundúnum

**Eftir Andra Karl**
Andri@mbl.is

„ALLT var rosalega flott og gekk einstaklega vel hjá okkur,“ segir Pétur Fannar Gunnarson sem ásamt dansmey sinni, Anítu Lóu Hauksdóttur, vann frækilegan sigur í suðuramerískum dönsum í flokki ellefu ára og yngri á þriðjudag. Í gær kepptu þau svo í samkvæmisdönsum og höfnuðu í fimmta sæti.

Pétur Fannar og Aníta Lóa eru bæði ellefu ára gömul. Þau hafa æft saman frá fjögurra ára aldri og hefur móðir Anítu, Esther Inga Níelsdóttir, ásamt öðrum dansþjálfurum séð um þjálfunina. Esther segir mótið hluta af því sem nefnt er London-vikan. Það nefnist International championship og er alþjóðlegt mót þar sem fram koma dansarar frá öllum heimshornum.

„Þetta er mikill heiður fyrir þau. Við stefndum á úrslitin en það verður að segjast að það kom afskaplega skemmtilega á óvart að þau skyldu vinna,“ segir Esther Inga. Hún segir Pétur og Anítu hafa tekið miklum framförum á undanförnum misserum en þau æfa sex til sjö sinnum í viku. „Það þarf að leggja á sig til að ná góðum árangri.“ Aníta Lóa segist þó alveg eins hafa búist við þessum árangri enda hafi þau æft mikið. „En þetta var mjög erfitt mót. Okkur gekk bara ótrúlega vel.“

Þegar Morgunblaðið ræddi við parið voru krakkarnir nýbúnir að dansa í fyrri umferð samkvæmisdansa. Þeim gekk vel og voru vongóð um framhaldið. Rættist og úr og höfnuðu þau í fimmta sæti, sem telst mjög góður árangur.

**Glæsilegur árangur** Pétur Fannar og Aníta Lóa voru að vonum sérlega ánægð með árangurinn.

**Í HNOTSKURN**

» Aníta Lóa Hauksdóttir og Pétur Fannar Gunnarsson æfa með dansdeild HK í Kópavogi. Þau hafa æft saman frá fjögurra ára aldri, eða í sjö ár.

» Þau tóku þátt í dansmóti í Blackpool á Englandi í vor og komust í úrslit í samkvæmisdönsum.

» Þau eru bæði afskaplega ánægð með árangurinn og hyggja á frekari sigra.

FÓLK Í FRÉTTUM»

ÍÞRÓTTIR

**Belgar og Norðmenn eru spenntir fyrir Alfreð**

■ **Alfreð Finnbogason**, knattspyrnumaður úr Breiðabliki, er undir smásjá erlendra liða þessa daga, enda stóð hann sig með miklum sóma á nýloknu Íslandsmóti. Hann varð þriðji markahæsti leikmaður úrvalsdeildarinnar og skoraði tvívegis í bikarúrslitaleiknum. Alfreð er nú kominn til Genk í Belgíu þar sem hann verður til skoðunar næstu daga en síðan er fyrirhugað að hann fari til norska liðsins Viking, sömu erinda.

TÓNLIST

**Siggi Pönk gerir allt vitlaust í Þýskalandi**

■ Sigurður Harðarson, **Siggi Pönk**, er ekki maður einhamur. Hjúkrunarfræðingur, virkur aðgerðasinni og mót-

**An artical from the national news paper in Iceland (Morgunblaðið)**
**Winning the International Championships 2009.**



4 | Fréttir INNLENT

MORGUNBLAÐIÐ FIMMTUDAGUR 16. APRÍL 2009

**Íslenskt danspar í úrslitum í stórri alþjóðlegri keppni**

# „Brosti bara og reyndi mitt besta“

**„ÞETTA var rosalega góð tilfinning, sérstaklega þegar við komumst í úrslitin. Þá var ég svo ánægður að ég brosti bara og reyndi mitt besta. Mér leið rosalega vel,“ segir Pétur Fannar Gunnarsson, 11 ára samkvæmisdansari sem ásamt 10 ára dansfélaga sínum Anítu Lóu Hauksdóttur, náði þeim árangri að komast í úrslit í „ballroom“ dönsum í stórri alþjóðlegri danskeppni sem stendur nú yfir í Blackpool. Alls hófu 114 pör keppnina í flokknum og voru þau Pétur og Aníta meðal átta para sem dönsuðu til úrslita.**

**Að sögn móður Anítu, Estherar Níelsdóttur, hefur íslenskt par ekki komist í úrslit í keppninni í þessum flokki síðan 1997, þegar það gerðist í fyrsta sinn. „Þannig að þetta er stórkostlegur árangur.“**

**Árangurinn er ekki síst glæsilegur þegar litið er til þess að töluverð veikindi hafa hrjáð dansparið að undanförnu. „Við erum bæði búin að vera rosalega veik og ég var búinn að vera með lungnabólgu frá því í febrúar. Ég er samt orðinn betri núna,“ segir Pétur, en þó má heyra hann hósta í símann.**

**Þrátt fyrir ungan aldur hafa þau lengi æft saman sporin. „Við byrjuðum að dansa þegar við vorum fjögurra ára en við æfum í dansdeild ÍF,“ segir Aníta. Þau hafa líka nokkrum sinnum keppt í útlöndum áður og m.a. orðið Kaupmannahafnarmeistarar þrisvar sinnum á ferlinum. Núna náðu þau hins vegar 8. sætinu í „ballroom“ og má heyra á Anítu að sá árangur sé varla síðri. „Það er mjög gott að komast svona langt af því að þetta er mjög erfið keppni, eða stærsta keppnin fyrir 11 ára dansara.“**

*ben@mbl.is*

**Sigurreif** Aníta og Pétur tóku við viðurkenningu fyrir árangurinn.

# Flestir listar taldir gildir

## Mismunandi afstaða kjörstjórna gagnvart listum Lýðræðishreyfingarinnar

**Eftir Jón Pétur Jónsson**
jonpetur@mbl.is

BÚIÐ er að úrskurða nær alla framboðslista fyrir komandi kosningar gilda. Enn eru nokkrir annmarkar á listum Lýðræðishreyfingarinnar í fjórum kjördæmum af sjö, sem hefur fengið frest til dagsins í dag til að laga það sem aflaga er.

Yfirkjörstjórn í Norðvesturkjördæmi úrskurðaði í gær alla sjö listana gilda fyrir komandi kosningar. Að sögn Ríkharðs Mássonar, formanns yfirkjörstjórnar, voru annmarkar á lista Lýðræðishreyfingarinnar. Ríkharður segir hins vegar að þeir hafi ekki verið nægjanlega miklir og því hafi listinn verið samþykktur. Hann segir að nokkrir frambjóðendur á listanum hafi ekki gefið upp í hvaða kjördæmi þeir byðu sig fram. Túlka verði hins vegar allan vafa frambjóðendunum í hag. Listarnir hafa verið sendir landskjörstjórn, sem mun taka endanlega ákvörðun.

Einnig er búið að úrskurða alla sjö framboðslista í Suðurkjördæmi gilda. Karl Gauti Hjaltason, formaður yfirkjörstjórnar, segir að listarnir verði sendir til landskjörstjórnar í dag. Karl Gauti tekur í sama streng og Ríkharður varðandi þá annmarka sem voru á framboðslista Lýðræðishreyfingarinnar, þ.e. að túlka verði allan vafa framboðunum í hag.

Hann segir 31. gr. kosningalaganna ekki vera nægjanlega skýra og því hafi verið ákveðið að úrskurða listann gildan. Þar segir aðeins: „Á framboðslista skulu vera nöfn tvöfalt fleiri frambjóðenda en nemur þingsætum í kjördæminu, hvorki fleiri né færri.“

Þá er búið að úrskurða sex framboðslista gilda í Norðausturkjördæmi, Suðvesturkjördæmi og Reykjavíkurkjördæmum norður og suður. Um er að ræða lista Borgarahreyfingarinnar, Frjálslynda flokksins, Sjálfstæðisflokksins, Framsóknar, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna.

Lýðræðishreyfingin hefur hins vegar fengið frest til dagsins í dag, í flestum tilvikum til hádegis, til að gera bragarbót á listunum.

Morgunblaðið/Eyþór

**Kosning** Listar sex framboða af sjö hafa verið úrskurðaðir gildir.

**Í HNOTSKURN**

» Sjö framboð vilja bjóða fram í öllum sex kjördæmum landsins.

» Afstaða yfirkjörstjórna gagnvart framboðslistum Lýðræðishreyfingarinnar er ólík. Í tveimur kjördæmum er allur vafi túlkaður framboðunum í hag.

» Endanleg ákvörðun er í höndum landskjörstjórnar.

**An artical from the national news paper in Iceland (Morgunblaðið)**
**The British Open Juvinile Championships held in Blackpool England 2009.**

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03 2026




**An artical from Icelandic news paper (Séð og Heyrt) 2009.**




**An artical from news paper in Iceland (Vikan) 2014.**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026



Pétur Gunnarsson (18) og Polina Oddr (16) eru stórkostlegir dansarar:

# ÍSLENSKIR HEIMSMEISTARAR

Íslensku dansararnir Pétur Gunnarsson og Polina Oddr urðu heimsmeistarar í latíndönsum í flokki 21 árs og yngri.

**GLÆSILEGIR FULLTRÚAR:** Pétur og Polina eru svo sannarlega flottir fulltrúar fyrir Ísland og eiga framtíðina fyrir sér í samkvæmisdönsum.

**HEIMSMEISTARAR:** Pétur og Polina komu, sáu og sigruðu.

Heimsmeistaramót í samkvæmisdönsum fór fram 3. desember í París. Það voru þau Pétur Gunnarsson og Polina Oddr sem sigruðu í latíndönsum undir 21 árs og urðu fyrsta par Íslands til að sigra heimsmeistaratitil í latíndönsum. Alls voru 100 pör sem höfu keppni og keppnin griðarlega sterk þetta árið. Pétur og Polina eiga svo sannarlega framtíðina fyrir sér en þau sigruðu einnig Dutch Open í nóvember og lentu í 2. sæti á The International Championship í október síðastliðnum.

**Best** „Þetta var ótrúlegur dagur! Að vinna heimsmeistaratitilinn í undir 21 árs var algjör draumur sem rættist. Mikil gleði átti sér stað hjá okkur öllum sem voru með okkur í París," segir Pétur Fannar kampakátur en hann hefur æft dans frá þriggja ára aldri.

Þau hafa bæði fórnað miklu til að ná þessum árangri. Dansinum fylgja ferðalög bæði keppnis- og æfingaferðir sem geta tekið mikið á.

„Við Polina byrjuðum að dansa saman fyrir ári síðan, þetta er erfitt en á sama tíma það skemmtilegasta sem við gerum. Þarna er margra ára markmið að skila sér eftir mikla vinnu. Síðastliðið ár hefur samt verið talsvert meiri vinna en önnur ár þar sem við vissum að við áttum góða möguleika að ná titlinum. Við leggjum jafna áherslu á danstækni, líkamlegt ástand og andlegu hliðina. Þetta vinnur allt saman sem eitt. Erfitt er að reikna hve margar klukkustundir fara í dansinn, þær eru margar," segir Pétur sem er hvergi nærri hættur að dansa.

**An artical from Icelandic news paper (Séð og Heyrt)**
**Winning The World Championships held in Paris 2016.**



26 MORGUNBLAÐIÐ SUNNUDAGUR 11.12. 2016

# HEILSA

**Vissir þú ...**
... að ef þú dansar salsa í um það bil klukkustund þá brennir líkaminn um 400 kalóríum. Dans er afar góð hreyfing fyrir líkamann og einnig mjög skemmtileg.

Pétur Gunnarsson og Polina Oddr eru heimsmeistarar í latíndönsum.

Ísland vermir hér fyrsta sæti, Rússland hreppti annað og þriðja sæti, England fjórða, Rússland fimmta og Kína það sjötta.

Pétur og Polina eru flott og innileg í dansinum.

## Byrjaði að æfa dans 3 ára

Pétur Gunnarsson og Polina Oddr eru fyrsta danspar Íslands sem vinnur heimsmeistaratitil í latíndönsum undir 21 árs en keppnin fór fram í París þann 3.desember. Í dansi reynir á andlegan og líkamlegan styrk og mataræði er mikilvægt

Gunnþórunn Jónsdóttir gunnthorunn@mbl.is

Þetta var ótrúleg upplifun og hefur verið okkar draumur frá upphafi dansferilsins. Síðastliðið ár höfum við æft stíft og mikið fyrir mótið þar sem okkur hefur gengið rosalega vel að keppa á árinu," segir Pétur Gunnarsson, átján ára samkvæmisdansari og heimsmeistari í latíndönsum undir 21 árs ásamt Polinu Oddr, sextán ára.

„Að verða heimsmeistari fyrir Íslands hönd er mikill heiður. Þetta var í raun ótrúlegt að vera uppi á verðlaunapallinum þegar Frakkarnir spiluðu þjóðsönginn fyrir okkur og hafa þessi sterku pör við hliðina á okkur." Í öðru og þriðja sæti lenti Rússland, England í fjórða, Rússland í fimmta og Kína í sjötta sæti. „Þetta eru stærstu löndin í bransanum og því afar virðingarvert að vinna þennan titil. Svona afrek kemur manni samt alltaf á óvart," segir Pétur.

### Undir manni sjálfum komið

„Við höfum höfum verið mjög upptekin að dansinum og því ekki mikið með vinum og vandamönnum. En ef ég ætti að lýsa æfingaáætlun okkar Polinu þá æfum við okkur mikið alla daga. Við förum einnig í einkatíma sjálf. Það skiptir mjög miklu máli að vera vel skipulagður og setja niður hnitmiðuð plön hverju skal vinna á.

Við skiptum mjög jafnt niður æfingum milli tækniatriða, líkamlegs- og andlegs ástands. Mataræðið er einnig stór hluti af árangrinum," segir Pétur. „Dansinn getur í rauninni verið misjafn eftir því hversu mikið einstaklingur vill leggja á sig eins og með aðrar íþróttir, myndi ég segja. Maður uppskerir því sem maður sáir, það er bara þannig."

Pétur og Polina hafa bæði æft dans lengi, Pétur frá þriggja ára aldri en Polina frá sjö ára aldri.

„Ég byrjaði að æfa dans þegar ég var þriggja ára gamall. Eldri bróðir minn er líka að æfa dans og ég fylgdi í hans spor," segir Pétur. „Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á dansi og við pabbi vorum einmitt að rifja það upp um daginn að það þurfti aldrei að reka mig af stað á æfingu. Ég var alltaf mættur sjálfur og fór iðulega í aukatíma í ofanálag. Það var eitthvað í dansinum sem kallaði á mig og gaman hvað foreldrar mínir stóðu alltaf þétt við bakið á mér."

### Finnst vanta umfjöllun

Pétur segir að samkvæmisdansinn fái ekki eins mikla umfjöllun og styrki hér á landi og aðrar íþróttir og þykir honum það miður. „Dansinn er mikið forvarnarstarf og gefur mikið af sér. Mér finnst að allir ættu að vita af því hvað Íslandi vegnar vel í dansinum," segir Pétur. „Það kom mér á óvart hvað það voru margir Íslendingar í höllinni að fylgjast með þegar á heimsmeistarakeppninni stóð, og það var mjög ánægjulegt. Það sýnir hvað dansinn fer stækkandi."

Honeywell keramik hitarar sem blása hita allt í kring.
Úrval af hiturum frá Honeywell
Honeywell
Donna

**An artical from the national news paper in Iceland (Morgunblaðið)**
**Winning The World Championships held in Paris 2016.**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026

**Pétur og Polina vörðu heimsmeistaratitilinn!**

# Heimsmeistarar í Latin dönsum

**Pétur Gunnarsson og Polina Oddr gerðu sér lítið fyrir og tryggðu sér Heimsmeistaratitilinn í Latindönsum undir 21 árs í París sl. laugardagskvöld.**



**Polina og Pétur eftir sigurinn í París sl. laugardagskvöld.**

Þar með vörðu þau heimsmeistaratitilinn frá því í fyrra og eru því þrefaldir heimsmeistarar í Latindönsum.

Sannur glæsilegur árangur hjá þessu frábæra danspari en Pétur er Garðabæingur og var valinn Íþróttakarl Garðabæjar 2017.

Pétur segir að þessi frábæri árangur í París sé uppskera þrotlausra æfingar og í raun má segja að árangur Péturs og Polinu árið 2018 sé langt umfram væntinga því þau hafa einnig keppt mikið í flokki fullorðina í ár með frábærum árangri.

Á næsta ári færast þau upp í fullorðinsflokk og þar með ljúka þau ferli sínum í unglingaflokki sem eitt af sterkustu danspörum í heimi.

**An artical from news paper in Iceland (Garðapósturinn)**
**Winning The World Championships held in Paris 2018**



**Picture Taken from one of my first competitions in Iceland (2005)**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026




**Danceing The Celtic Classic Championships in Ireland 2006.**



**Winning The International Championships in England 2009.**

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03 2026



**Dancing The Copenhagen Open held in Denmark 2011.**




**Dancing The Copenhagen Open held in Denmark 2011.**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026



**Winning The Icelandic Junior Championships 10 Dance in Iceland 2012.**




**Dancing The Reykjarvik International Games 2014.**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026



**Winning The Icelandic Championships Amatuer 10 Dance in Iceland 2014.**




**Dancing The Unided Kingdom Closed Championships 2015.**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026



**Winning The DSI Open Championships in Iceland 2016.**




**Final From The British Open Championships held in Blackpool 2016.**

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03 2026



**Dancing The Dutch Open held in Assen 2016.**



**Dancing The Unided Kingdom Open Championships 2017.**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026




**Winning The Icelandic Championships Amatuer Latin in Iceland 2017.**




**Dancing Show at The Reykjarvik International Games 2018 where the President of Iceland was a Guest of honour.**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026




**Danceing The Dutch Open Championships 2019.**



**Danceing The British Open Championships held in Blackpool England 2019.**

Skjal sótt af '000000000' dags: 25.03 2026



**Photo shoot in Ukrine for A&A Limeded**



**Dancing the German Open held in Bad Homburg 2019.**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026


Me and my Wife/Partner in a photoshoot in Iceland (Reynirsfjara Black Beach) 2019.

Me and my Wife/Partner in a photoshoot in Iceland (Reynirsfjara Black Beach) 2019.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026




**Pétur Gunnarsson Trophies.**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026




**Pétur Gunnarsson Trophies.**




**Pétur Gunnarsson Trophies.**
**(World Championships 2016,2017,2018)**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026



**Pétur Gunnarsson Trophies.**



**Pétur Gunnarsson Trophies.**

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03 2026